

kveðins tíma. Eptir þessum málsúrslitum þykir og rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er ákveðst 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn stefndi ritstjóri Björn Jónsson á að greiða 40 króna sekt í landssjóð, en til vara sæti hann 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma; svo greiði hann og í málskostnað til áfrýjanda 25 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna, frá því hann er löglega birtur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 15. nóvembermánaðar.

Nr. 29/1897:

Hannes Þorsteinsson
gegn

Birni Jónssyni.

D ó m u r :

Björn Jónsson, ritstjóri Ísatoldar, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur gegn Hannesi Þorsteinssyni, ritstjóra Þjóðólfs, fyrir nokkur ummæli í 12. tölubl. 49. árg. þessa blaðs, sem Björn Jónsson áleit beint að sjer og taldi ærumeiðandi fyrir sig. Var málinu ráðið til lykta með dómi bæjarþingsrjettarins, uppkveðnum 10. júní þ. á., á þá leið, að hin átöldu meiðyði og vanvirdandi ummæli voru dæmd dauð og ómerk,

og að Hannes Þorsteinsson var dæmdur til þess að greiða 80 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara til að sæta 24 daga einföldu fangelsi, svo og til að greiða 20 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefur ritstjóri Hannes Þorsteinsson skotið til yfir dómsins með stefnu, útgefinni 22. júní þ. á., og krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að dómurinn verði felldur úr gildi, og að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, en að stefudi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefudi, ritstjóri Björn Jónsson, krafizt þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eptir mati rjettarins.

Ummæli þau, sem stefudi taldi meidandi fyrir sig og lögsótti áfrýjanda fyrir, eru í niðurlagi greinar nokkurrar, sem stóð í 11. og 12. tölublaði »Þjóðólfs«, 5. og 12. marz þ. á. Hin átöldu ummæli eru í 12. tölubladinu, og eru þessi: »Landráðapólitik stjórnarbladsins . . . var óþokkalegur draugur, er snöggvast gægðist upp í birtuna lengst neðan úr Djúpadal, en var að vörmu spori svo gersamlega kveðinn niður, að sá Vondi sjálfur gleypiti hann með húð og hári, og mun traudla vilja senda þann pilt úr sjer aptur upp í dagsljósið Eða hvað er ódrengilegra og svivirdilegra en að spana útlent drottunarvald til að fótum troða helgustu rjettindi umkomulitillar þjóðar. Því niðingsbragði ætti enginn sannur Íslendingur nokkru sinni að gleyma, því að það á að geymast í sögunni sem óafmáanlegur biksvartur

blettur honum til ævarandi smánar« Greinin í »Þjóðólfi«, sem þessi klausa stendur í, er nafnlaus, og er fyrir því á ábyrgð áfrýjandans, sem er ritstjóri og útgefandi blaðsins.

Áfrýjandi hefur kannazt við það, að hinum tilgreindu ummælum sje beint að blaðinu »Ísafold«, sem kemur út undir ritstjórn og ábyrgð hins stefnda. En hann ver mál sitt með því, að ummælunum og ávitununum sje að eins beint að blaðinu (»Ísafold«) og hinni pólitísku stefnu, sem framfylgt sje í því. Um stefnda sjálfan eða hann persónulega sje ekkert sagt í hinni umstefndu grein. Og að öðru leyti álitur áfrýjandi, að hin umstefndu ummæli sjeu saklaus og að þau varði ekki við lög, þó að álitíð væri, að þeim væri beint að stefnda sjálfum. Um hina fyrri málsvarnarástæðuna skal það tekið fram, að hver maður ber ábyrgð á hinni pólitísku starfsemi sinni, eins og öðrum gjörðum sínum, og verður því eigi gjörður greinarmunur sá, sem áfrýjandi vill að gjörður sje eptir því, hvort rætt er um pólitíska starfsemi manns eða aðra starfsemi hans. Ummæli þau, sem ræða um hina »pólitísku stefnu« Ísafoldar, ræða jafnframt beinlínis um starfsemi hins stefnda og framkomu hans sem manns og fjelagsborgara. Hin síðari varnarástæðan verður eigi heldur samþykkt; hin tilvitnaða greinarklausa er mjög móðgandi og meiðandi fyrir stefnda, sjer í lagi orðin: »eða hvað er ódrengilegra og svívirðilegra en að spana útlent drottunarvald til að fótum troða helgustu rjettindi umkomulitillar þjóðar. Því niðings-

bragði« o. s. frv. Og ummæli greinarinnar hefur áfrýjandi ekki rjettlætt, þótt hann í því efni hafi vitnað til blaðagreinar í »Ísafold« 1895, 79. tölubl., með yfirskriptinni: »Er löghelgað jafnrjetti óhæfa?« Án tillits til þess, hvort álita megi rjetta skoðun þá og stefnu, sem kemur fram í grein þessari, er engin heimild til að einkenna hana sem »niðingsbragð« og að öðru leyti fara þeim orðum um hana, eins og áfrýjandi hefur gjört í hinni átöldu grein. Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að hjeradsdómarinn hefur dæmt dauð og ómerk hin átöldu ummæli og sektað áfrýjanda fyrir þau, og þykir sektin eigi ofhátt sett af undirdómaranum, þar sem hann ákveður hana eptir 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 80 kr. sekt, en vararefsingin virðist hæfilega metin 16 daga einfalt fangelsi. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnaðinn, ber að staðfesta hann með hiinni tilgreindu breytingu á varahegningunni. Eptir þessum úrslitum þykir og rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur sje óraskaður, þó svo, að vararefsingin sje 16 daga einfalt fangelsi. Áfrýjandi Hannes Þorsteinson greiði stefnda Birni Jónssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðn-

ar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagði laga-aðför.

Mánudaginn 29. nóvembermán.

Nr. 23/1897:

Kristján Kristjánsson

gegn

Jóni Gíslasyni Steinhólmi.

D ó m u r :

Með sáttagjörningi 9. marz 1895 skuldbatt stefndi sig til að selja áfrýjandanum fyrir tiltekið kaupverð 10 hndr. f. m. úr eignar- og ábýlisjörð sinni Norður Botni, með $1\frac{2}{3}$ ásaudarkúgildi og öllum húsum og mannvirkjum, er þar stæðu, eins og þau þá fyrirfundust, nema hvað hann lofadi að endurbæta skörð, er fallin voru í túngardinn. Í fardögum s. á. hafði áfrýjandi uppfyllt kaupsamninginn að sínu leyti með greiðslu kaupverðsins, og var það tilætlunin, þó að ekkert væri beint um það ákveðið í kaupgjörningnum, hvenær jörðin ætti að afhendast, að áfrýjandinn tæki þá við umráðum hiuna seldu jarðarhundraða, enda hafði hann byggt þau nýjum ábúanda fyrir hið í hönd farandi fardagaár, 1895—96. Vegna seinkunar á ferð standferðaskipsins komst hinn nýi ábúandi þó eigi fyr en 17. júní s. á. að jörðinni, og voru þá nefnd 10 hndr. afhent honum af stefnda, en án úttektar, en 27. s. m. framkvæmdi hreppstjóri sem hlutadeigandi úttektarmadur ásamt öðrum manni í forföllum hins úttektarmannsins skipti